

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 Borgarnes  
b.t. Drífa Gústafsdóttir  
Skipulagsfulltrúi

Borgarbyggð 30.05.2021

## Hluti strandstígs í Borgarbyggð, frá Klettaborg leikskóla að Hrafnakletti

### Umsókn um framkvæmdaleyfi

Fyrir hönd deildar umhverfis- og framkvæmdamála Borgarbyggðar er óskað eftir framkvæmdaleyfi fyrir gerð hluta af strandstíg meðfram Borgarvogi.

**Núverandi staða:** gerður hefur verið hluti af strandstígnum á nokkrum stöðum við Borgarvoginn og er þetta framhald af honum og hluti af heildstæðu stígakerfi.

**Markmið og tilgangur:** Markmið með strandstíg er að bæta aðgengi að Borgarvöginum sem er á náttúruuminjaskrá. Þá er tilgangurinn að vinna áfram að markmiðum Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 um göngustíg meðfram Borgarvöginum og tengja heildstætt stígakerfi sem mætir þörfum íbúa og gesta til framtíðar.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14 kemur eftirfarandi fram: *í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.*

Í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 er gert ráð fyrir göngustíg meðfram strandlengju Borgarvogs og með göngustíg er aukið aðgengi bætt. Lögð er áhersla á aðgengi fyrir alla og með þessari göngustígagerð er verið að auka aðgengi að Borgarvogi.

Ekki er til deiliskipulag í gildi á þessu svæði.

**Legg stígsins:** Um er að ræða kafla af áætluðum aðal strandstíg við Borgarvog frá Klettaborg leikskóla, meðfram strönd, og norðan við flatir á tjaldsvæði að Hrafnakletti, milli grænu doppanna á yfirlitsmynd. Aukastígar ( brotin lína á mynd) verða gerðir síðar.





Mynd 1 Ófrágenginn stígur fyrir neðan tjaldsvæðið.

### **Undirbúningur, efnisval og stærðir:**

Haldið er áfram með samskonar stíg og þegar hefur verið gerður meðfram hluta strandarinnar við Borgarvoginn, malarstígar með endurunnum og endurvinnanlegum plastgrindum.

### **Klettaborg- Hrafnaklettur**

Um er að ræða stíg sem er samtals um 450 m langur, skipt í tvennt, af aðkomuveginum að tjaldsvæðinu. Á þessu svæði liggur stígurinn ofar í landinu og er því ekki þörf á grjótvörn vegna ágangs sjávar. Fyrst er leiðin sléttuð og lagt gróft malarlag sem undirlag, um 3 m á breidd. Það er sléttað og þjappað með fínna lagi af möl. Ofan mölina eru lagðar plastgrindur frá Ecoraster sem eru framleiddar úr endurunnu plasti og eru endurvinnanlegar. Plastgrindurnar eru 1,2 m að breidd og ofan á þær er lagður sandur sem festir þær.



Mynd 2 Plastgrindur með möl sem undirlag og sand ofaná.

Með tilkomu stígsins er gert aðgengi fyrir alla að strönd Borgarvogs en óbreytt ástand uppfyllir ekki slík skilyrði. Íbúar og gestir bæjarins fá góðan stíg til útiveru í góðri tengingu við náttúruna. Göngustígar hafa nú þegar verið lagðir meðfram strandlengjunni á nokkrum stöðum í Borgarnesi sem eru mikið notaðir til útivistar.

Með lagningu stígsins er nauðsynlegt að raska gróðri á því svæði sem stígurinn liggur. Að mestu leyti er um að ræða vistlendi sem flokkast sem graslendi í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands en einnig mólendi og votlendi undir stíg á um 50 m. leið Verndargildi graslendis telst meðalhátt, verndargildi mólendis telst hátt og verndargildi votlendis mjög hátt.

**Rök fyrir vali á stíg:**

Malarstígar með endurunnum og endurvinnanlegum plastgrindum eru afturkræf framkvæmd, hagkvæm og í samræmi við aðra stíga sem lagðir hafa verið í sveitarfélaginu á undanförunum árum.

**Framkvæmdartími:** gert er ráð fyrir að ljúka stígagerðinni sumarið 2021.

Fyrir hönd deildar umhverfis- og framkvæmdamála Borgarbyggðar,  
Hrafnhildur Tryggvadóttir  
deildarstjóri